



Framkvæmdastjórn Sósíalístaflokks Íslands – fundargerð 4. desember 2017

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflokks Íslands, haldinn 4. desember 2017. Fundur var boðaður klukkan 19:00 og hófst klukkan 19:15.

Mætt voru Ása Jóhanns, Gunnar Smári Egilsson, Margrét Pétursdóttir, Valdimar Andersen Arnþórsson og Viðar Þorsteinsson.

Viðar Þorsteinsson ritaði fundargerð.

Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1 · Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar (27. nóvember), unnin af ritara, var samþykkt.

2 · Endurreisn verkalýðsbaráttunnar

Rætt var um liðna og yfirstandandi vinnu sem tengist flokknum formlega og óformlega varðandi eflingu verkalýðsbaráttu innan þegar starfandi verkalýðsfélaga. Fallist var á að 2-3 manna hópur úr framkvæmdastjórn, millifundanefnd, myndi taka að sér að halda þessu verkefni gangandi og gæta þess að það detti ekki niður á meðan undirbúningur fyrir Sósíalistaping stendur yfir. Hlutverk þess hóps væri að skilgreina markmið fyrir þetta starf og leggja tillögu þar um fyrir stjórn, en einnig að samhæfa starf sem fer fram í tengslum við ólík verkalýðsfélög. Samþykkt var að Margrét, Birna og Viðar myndu manna slíka millifundanefnd.

3 · Heimasíða flokksins

Líkt og samþykkt var á síðasta fundi hafði Ása Jóhanns framsögu um að kynna tillögu um breytingar á heimasíðu flokksins, sosialistaflokkurinn.is. Tillaga hennar er að gera ekki mikið hrófl, heldur fyrst og fremst auka sýnileika flokksstarfsins útvávið. Samþykkt var að Ása mynd fylgja þessu eftir ásamt vefhönnuðum flokksins. Ása mun gefa yfirlit um framvindu þessa á næsta fundi.

4 · Skipulag og stjórnkerfi flokksins

Samþykkt var að Viðari og Gunnari Smára verði falið að gera drög að þeim greinum laga sem fjalla um skipulag flokksins, og þeim fylgi einnig skýringar eða greinargerð. Rætt var um mikilvægi þess að skipulagið sé opið og sveigjanlegt og geti komið á mótis við ólíkar tegundir frumkvæðis sem kunni að koma frá félagsmönnum, t.d. aðgerðahópar eða sellur.

5 · Sósíalistapiing

Rætt var um væntanlegt Sósíalistapiing 20. janúar næstkomandi. Margrét varpaði þeirri hugmynd fram hvort hægt væri að setja þar á fót skuggaráðuneyti, sem hvata fyrir málefnavarfið í flokknum, þar sem hægt væri að þróa drög að lagatextum ýmis málefni.

Ása ræddi vítt og breitt um hvaða hlutverki þingið ætti að gegna og hvaða dagskrárliðir þyrftu að vera til staðar. Stakk upp á fyrirlestri um hvernig fjöldahreyfing á landsvísu er búin til og umfjöllun um grunnmálin, sér í lagi verkalýðsmál.

Viðar stillti hlutverki þingsins í fjóra þætti: 1) hefðbundin aðalfundarstörf í samræmi við samþykktir, 2) samþykkt undangenginnar málefnavinnu, 3) annað pólitískt starf, umræður eða fyrirlestrar (pólitísk dagskrá), 4) tími til að skemma sér og verja saman tíma óformlega.

Ása bauðst til að hanna PowerPoint sniðmát fyrir kynninguna á niðurstöðum málefnavarhópa.

Teiknaður var upp verkefnalisti fyrir verkefni sem þarf að framkvæmda á þinginu og/eða undirbúa fyrir það:

- Aðalfundarstörf
 - reikningar - gjaldkeri (Laufey Ólafsdóttir)
 - skýrsla stjórnar - ritari (Viðar Þorsteinsson)
 - kjör stjórna (að búið sé að afla mannskapar til að manna þær)
- Skipulag flokksins (að það sé frágengið og tilbúið til samþykktar sem lög)
- Málefnavinnan (að hún sé frágengin og tilbúin til samþykktar)
- Staðsetning
- Pólitísk dagskrá
- Skilaboð útávið (að þingið færi einhver skilaboð, í gegnum dagskránnu t.d. aðalfyrirlestra eða ályktanir)
- Skemmtidagskrá
- Hvernig haga eigi skráningu og hugsanlegu skráningargjaldi (og þá mögulega fyrir hluta dagskrárinnar fremur en alla)
- Kaffiveitingar
- Matur

- Tólkun

Þá var ítrekað mikilvægi þess að í undirbúningi þingsins verði hugað að því að það laði að sér þá sem sósíalísk stjórnsmál eiga mest erindi við, þ.e.a.s. hina verst settu í samfélaginu. Staðsetning, val á skemmtiatriðum, fyrirlesurum og margt fleira getur haft áhrif á þetta.

Sósíalístakaffi hófst klukkan 20:15 og var fundi slitið fyrir þann tíma.